

Skipulags- og byggingafulltrúi Súðavíkurhrepps -
Hafnarstræti 1
400 Ísafjörður

Reykjavík 12. mars 2019
UST201901-414/K.S.J.
10.04.03

Efni: Lýsing. Deiliskipulag - hafnarsvæði - Langeyri í Súðavík

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Súðavíkurhrepps er barst 31. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar um lýsingu tillögu að deiliskipulagi hafnarsvæðis innan Langeyrrar í Súðavík. Fram kemur í inngangi lýsingar að skipulagssvæðið er að stórum hluta á landfyllingu og að stærð svæðisins er 5,5 ha. Einnig kemur fram að áætluð framkvæmd feli í sér að landfylling með viðlegukanti, hráefnislóni, grófgeymslusvæði, aðkomuvegi verði komið fyrir á skipulagssvæðinu ásamt byggingu kalkþörungaverksmiðju og skrifstofuhúsnæðis, en Íslenska kalkþörungafélagið hyggst byggja kalkþörungaverksmiðjuna.

Áætlað er að kalkþörungaverksmiðjan vinni 120.000 m³ af kalkþörungaseti úr Ísafjarðardjúpi á ári.

Kalkþörungaverksmiðja

Í lýsingu kemur fram að innan lóðar kalkþörungaverksmiðju verður útbúið hráefnislón og skilgreindir byggingarreitir og byggingaskilmálar fyrir 9.000 m² verksmiðjuhús, 1.400 m² grófgeymsla auk 400 m² skrifstofu- og starfsmannahúsnæðis.

Umhverfisstofnun bendir á að starfsemin er starfsleyfisskyld hjá stofnuninni.

Í ofangreindri lýsingu kemur fram varðandi hráefnislón að til viðmiðunar sé hráefnislón á Bíldudal 5.000m². Stofnunin bendir á að í lýsingu kemur ekki fram hve stórt lón er áætlað í Súðavík.

Í umfjöllun um ákvæði aðalskipulags fyrir einstök svæði er í umfjöllun um kalkþörungaverksmiðjuna farið yfir þau atriði sem hafa þarf í huga varðandi mögulega mengun frá áætlaðri verksmiðju. Umhverfisstofnun tekur undir umfjöllunina og mikilvægi þess að sett verði ákvæði um mengun.

Umhverfisstofnun bendir á að hafa þarf í huga að hávaðamengun hefur verið vandamál hjá kalkþörungaverksmiðju á Bíldudal, en þar eru íbúðarhús staðsett nær verksmiðju, en búast má við að verði raunin í Súðavík. Einnig bendir stofnunin á að ryk frá blæstri hefur skapað vandamál í nágrenni verksmiðjunnar á Bíldudal. Einnig þarf að hafa í huga að útskolun frá hráefnislóni sést í sjónum, sem gæti haft neikvæð áhrif á ásýnd gagnvart ferðapjónustu.

Nám kalkþörungssets

Eins og fram kemur að ofan er áætlað að vinna 120.000 m³ af kalkþörungaseti úr Ísafjarðardjúpi á ári. Nám og vinnsla kalkþörungasetis fellur undir lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.


Landfylling

Í lýsingu kemur fram að gert er ráð fyrir 80 m bryggjukanti og 38.000 m² landfyllingu á skipulagssvæðinu. Umhverfisstofnun tekur undir að landfylling og hafnaraðstaða eru tilkynningaskyld til Skipulagsstofnunar skv. lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Að mati Umhverfisstofnunar er að öðru leyti, gerð grein með skýrum hætti í ofangreindri skipulagslýsingu, fyrir þeim þáttum sem þörf er á og í því umfangi sem tillagan gefur tilefni til.

Beðist er velvirðingar á hve langan tíma hefur tekið að svara erindinu.

Virðingarfyllst



Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur



Axel Benediktsson
Sérfræðingur